

“Viðkvæmar” spurningar

Ýmislegt hefur verið í umræðu sem getur verið viðkvæmt og vandmeðfarið. Við reynum hér að svara nokkrum grundvallarspurningum sem gætu komið upp – og sem væri jafnvel æskilegt að nefna í samtali við nemendur.

Ef spurningarnar koma ekki upp fyrr, hentar mjög vel að nota þær **eftir að hafa horft á** nokkur eða meira að segja öll myndböndin, þannig að **nemendurnir séu komnir með grunnþekkingu á málunum.**

Endilega **hafðu samband við okkur ef fleiri “viðkvæmar” spurningar vakna** eða ef þú vilt koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri – við reynum þá að svara þeim líka: 8h13 [hjá] simnet.is

Það er rétt að benda á að engin algild svör eru til við þessum spurningum, en á bak við svörin fyrir neðan eru áratugalangar pælingar út frá misjöfnum forsendum, áratugalöng reynsla á nánnum samskiptum við búfé mismunandi tegunda og að hluta til einnig staðreyndir.

Er ekki hræðilegt að dýr séu drepin til manneldis?

Í fyrsta lagi þarf þá að skoða hvort það er gert á mannúðlegan hátt – sem er yfirleitt tilfellið í íslenskum sláturhúsum, sérstaklega þar sem bændur eða bændasynir/-dætur eru að störfum.

Þá má skoða eftirfarandi þætti:

“Náttúran” hefur verið þannig skipulögð frá upphafi lífsins á jörðinni að sum dýr drepa önnur dýr til að nærast á þeim – þannig að þetta kerfi má kalla náttúrulögmál. Mannfólk þróaðist lengst af sem rándýr, eins og örnin eða refurinn, sem eru að veiða; ekki fyrr en tiltölulega seint bættist ræktun við, fyrst húsdýra (með sama tilgangi og veiði) og þá plantna (sem viðbót við kjötið).

Lífið sem slíkt, þ.e. líftími hvers og eins er takmarkaður. Það er líka náttúrulögmál. Líftími einstaklinga er mjög misjafn. Óumdeilt er líklega að lífsgæði eru lykilþáttur í því hvort það megí segja að einstaklingurinn sé “hamingjusamur”, og að lengd lífsins ein og sér dugar ekki sem mælikvarði: Stutt en hamingjusamt líf hlýtur að vera betra en langt og ömurlegt líf.

Er ekki ömurlegt að kálfar fái venjulega ekki að vera með mömmu sinni?

Í nokkuð langan tíma hafa kálfarnir verið teknir frá mæðrum sínum, oftast eftir örfáa daga og eru svo aldir upp í kálfahópum sem er skipt upp eftir aldri. Það er hægt að deila um hvort þetta sé heppilegasta leiðin fyrir alla, því það er augljóst að móður og kálfi líður mjög vel ef þau fá að vera saman á meðan kálfurinn er ungur. En alveg eins og hjá ám og lömbum minnkar þetta nána samband þegar afkvæmið eldist og verður sjálfstæðara sem gengur frekar hratt.

Mjólkurframleiðslan í dag fer oftast þannig fram að það er hagkvæmara að færa kálfana strax frá, en annað fyrirkomulag er líka hugsanlegt og hefur í einstökum tilfellum líka verið notað. En þá þarf að taka tillit til ýmislegs þannig að það gangi upp fyrir alla aðila: kúna, kálfinn og bóndann.

Kálfarnir og líka mæðurnar venjast því oftast mjög fljótlega að vera hver í sínum hóp. Lykilatriði í því er að þau eru ekki ein, heldur innan um jafnaldra – kýrin innan hinna kúnna sem hún þekkir og þar sem hún á líka sérstakar vinkonur, kálfurinn innan um aðra kálfa sem eru með sömu þarfir til að kúra saman eða leika sér. Kálfarnir fá noga mjólk úr túttufötu eða “vélrænni” föstru þannig að þeim líður líkamlega vel sem er grundvallaratriði fyrir andlega vellíðan.

Sambandið á milli afkvæmis og móður byggist að hluta til á mjólkinni og ef kálfurinn fær mjólkina annars staðar frá, hættir hann mjög fljótlega að hugsa um móðurina. Það er eins með lömb þar sem móðirin mjólkur ekki af einhverjum ástæðum – þá myndast aldrei þetta nána samband þeirra á milli, heldur er lambið frekar sjálfstætt og leitar félagsskapar til annarra lamba eða mannfólks, ef það gefur lambinu mjólk úr pela.

Svarið við spurninguna er þess vegna: Nei, ef málið er leyst á farsælan hátt.

Getur búfé verið hamingjusamt? Er það ekki bara eins og “í fangelsi”?

Þá erum við komin að næsta lykilatriðinu. Ef vel gengur, má segja að líf húsdýra sé yfirleitt frekar áhyggjulaust miðað við villidýr: Maðurinn grípur inn fyrir hönd dýrsins, t.d. ver það fyrir rándýrum, lækna sjúkdóma og meiðsli, kemur í veg fyrir fódurskort, veitir skjól í vondum veðrum og leitar að dýrinu ef það týnist. Ekki síst sér maðurinn um það að dýrið hafi félagsskap og geti sinnt áhugamálum sínum. Ef allt þetta er uppfyllt, hlýtur að vera hægt að tala um hamingjusamt líf – hvort sem það sé styttra eða lengra.

Skilyrði er að dýrunum líði virkilega vel og sætti sig ekki bara við aðstæður því þau hafa ekki val. En hvenær líður þeim vel? Góður mælikvarði er samanburður við eðli viðkomandi “villidýrs” – til dæmis villifé, ef um sauðkindur er að ræða: Hvaða hegðun hefur þetta kyn þróað í þúsundir eða milljónir ára, hvaða grunnþarfir hefur það? Er hægt að sinna þessum grunnþörfum þótt viðkomandi dýr sé húsdýr núna? Hversu lík eru húsdýrið og viðkomandi villidýr?

Í hefðbundnum íslenskum landbúnaði lifa sömu dýrin (kindur, kýr, ...) á búinu árum saman, nán kynni myndast og oft vinátta – bændur gleðjast með skepnunum sínum og þeim líður best þegar dýrin eru hamingjusöm. Þannig að þetta fyrirkomulag er beggja hagar. En án þess að kjötið sé nýtt, væri þetta ekki til. Og þar með væru öll þessi dýr og þessi vinátta og hamingja ekki til.

Að sjálfsögðu er alls ekki sjálfgefið að búfé sé hamingjusamt, sérstaklega ekki ef um kjötframleiðslu er að ræða. En sem betur fer er það yfirleitt tilfellið í hefðbundnum búskap hér á Íslandi.

Í þessu samhengi er rétt að benda á grundvallarmisskilninginn að það sé dýravernd að sleppa dýrum út sem fæddust og ólust upp sem húsdýr/nytjadýr. Þessi dýr skortir algjörlega hæfileikann til að bjarga sér í náttúrunni og slasast eða drepast innan skamms (þau eru ekki villidýr sem hafa lært á lífinu frá grunni!) og þau geta auk þess verið alvarleg ógn fyrir villidýr, húsdýr, gæludýr og lítil börn. Að fara á eitthvert bú og sleppa grísum eða kjúklingum út er sambærilegt við að galopna aðaldyrnar leikskóla sem liggur við fjölfarna bílabraut. Að sleppa minkum er hægt að líkja við að sleppa ljón úr búi í dýragarði. Þótt það sé hægt að deila um hvort aðbúnaður þessara dýra henti þeim í öllum tilfellum, er alveg víst að það er engin lausn að sleppa þeim fyrirvaralaust – þvert á móti.

Er kjötframleiðsla ekki í samkeppni við mannamat?

Þetta er mjög misjafnt – bæði eftir löndum, aðstæðum og eftir dýrategundum. Eins og svo oft í matarframleiðslu er ekki til ein lausn sem virkar best alls staðar í heiminum og alltaf. Þess vegna er mikilvægt að skoða hvert og eitt land og jafnvel svæði fyrir sig. Góður mælikvarði fyrir “bestu lausnina” er oftast hvernig venjulegt fólk, venjulegir bændur leystu málin áður fyrr, í gamla daga, þegar matur var oft af skornum skammti og mjög verðmætur. Þá var engu sóað, heldur þær aðferðir notaðar sem voru hagkvæmastar, sem virkuðu sem “kerfi” í jafnvægi í langan tíma – annars hefði fólk ekki lifað af.

Ef maður skoðar þetta frá þessu sjónarhorni, verður munurinn á milli mismunandi landa augljós. Skoðum til dæmis “kjötheðir”. Þær byggja oftast á því að viðkomandi kjötdýr gátu búið til kjöt “úr engu”, þ.e. úr því sem var til hvort sem er í þessu landi og sem meltingarkerfi mannfólks ræður ekki við.

Svín reyndust mjög hentug til kjötframleiðslu t.d. í **Miðevrópu** – því þau eru alætur og geta búið til kjöt úr því sem var til hvort sem er í þessum löndum, til dæmis:

- akörn (eikarfræ) og beykihnot (beykifræ) í skógi
- skordýr
- maðkar og liffur í jarðveginum
- alls konar rætur
- skemmdur matur, alveg sama hvað

seinna auk þess:

- kartöfluhýði, grænmetisafskurður (sem féll til í stórum stíl)
- epli og perur sem lágu út um allt og skemmdust
- stórar fódurrófur og kartöflur sem voru mjög auðveldar að rækta (kartöflur hafa alltaf verið allra ódýrasti matur í Miðevrópu og mjög vinsælar í stríði)

Þetta er ástæðan fyrir þessari miklu **svínakjötshefð í Miðevrópu**. En í dag er bannað að nota flest af þessum svínamat. Svínafóður í dag er aðallega korn (sem er a) mannamat og b) þarf mikla fyrirhöfn til að rækta það, (oft eru jafnvel notuð eiturefni til þess).

Hins vegar var á **Íslandi sauðfé** - húsdýrið sem býr til kjöt “úr engu” (og mjólk og ull og gærur og leður og horn og bein), nefnilega úr grasi og öðrum plöntum og – ef tækifæri gafst – úr þörungum í fjöru. Auk þess er sauðfé harðgert og getur að mörgu leyti séð um sjálft sig ef það fær hey á veturna og húsaskjól í stórhriðum – mjög hagstætt.

Það er ástæðan fyrir þessari miklu **kinda- og lambakjötheð á Íslandi**. Meira að segja eru ofangreindu kostirnir **enn í gildi í dag!** Sauðfjárrækt á Íslandi byggir enn á sama grunni þótt margar kindur séu núna inni í fjárhúsunum á veturna, kjarnfóðurnotkun (korn!) er hverfandi lítil.

Veiði villidýra og notkun eggja þeirra er almennt hagstæðara en að ala dýr – þau sjá alfarið um sjálf sig. Ekki síst samanstóð mannkynið upphaflega úr veiðimönnum og söfnurum, veiðieðlið er því innbyggt í marga enn í dag. Á **Íslandi hafa fuglar, selir, litlir hvalir og auðvitað fiskar alltaf verið veiddir** mikið og **eggjatínsla** var alla tíð mikilvægur þáttur mataröflunar. Þess vegna er mjög lítil hefð fyrir alifugla og notkun kjúklingakjöts var svo gott sem óþekkt fram á 1970-80.

Það var allt öðruvísi í **Miðevrópu** – venjulegt fólk mátti úr ýmsum ástæðum ekki einfaldlega fara að veiða. Hins vegar var með tiltölulega lítilli fyrirhöfn hægt að ala nokkrar **hænur**,

gæsir eða endur í garðinum hjá sér – þær lifa á grasi, skordýrum, möðkum og matarleifum og þurfa ekki mikið pláss. Þær búa til egg og kjöt “úr engu” (sjá ofar). Hér er skýringin komin af hverju kjúklingakjöt gat orðið svo vinsælt þar og af hverju gæsasteik eða kalkúnarsteik er víða ímynd hátíðarmatar fram á þennan dag.

Þannig að: **Það er misjafnt hvað hentar best á hverjum stað – vistfræðilega og samfélagslega séð.**

Áður fyrr varð fólk að framleiða mat á sem hagkvæmastan hátt – annars hefði það ekki lifað af. Í dag er staðan þannig að tæknilega er allt hægt, a.m.k. í vestrænum heimi, og tískustraumar og markaðssetning skipta meira máli en raunveruleg hagkvæmni. Oft er erfitt að átta sig á gervirökum (sem þjóna bara þeim sem vilja selja). En í grunninn getur hver og einn ákveðið fyrir sjálfan sig, hvaða rök skipta máli fyrir hann þegar hann velur matinn sinn.